# Neytendasamtökin

## Ársreikningur 2018

Hverfisgötu 105
105 Reykjavík

Kt. 480269-0559

# Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda .......................................... 1

Staðfesting kjörinna skoðunarmanna .......................... 3

Áritun og skýrsla stjórnar .......................................... 4

Rekstrarreikningur ................................................... 5

Efnahagsreikningur .................................................. 6

Skýringar ............................................................... 8

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Neytendasamtakanna

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Neytendasamtakanna fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2018, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018 og efnahag þess 31. desember 2018 í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Neytendasamtökunum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Neytendasamtakanna og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

* Við greinum og metum hætturnar á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

* Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

* Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

* Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

* Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

**Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 4. júlí 2019

Ingunn H. Hauksd.

Ingunn H. Hauksdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

# Staðfesting kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Neytendasamtakanna staðfestum ársreikning 2018 með undirskrift okkar.

Reykjavík, 4. júlí 2019

Guðmundur Hörður Guðmundsson

Þuríður Hjaltadóttir

# Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök neytenda á Íslandi. Neytendasamtökin eru sjálfstæð og óháð einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, samtökum, stjórnmálaflokkum og opinberum aðilum. Neytendasamtökin skulu ætíð taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda óháð öðrum sjónarmiðum. Fjöldi ársverka voru sex.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2018 kr. 6.201.432. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 1.722.554. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn Neytendasamtakanna staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. júlí 2019

Stjórn: **Rafræn undirritun stjórnar-manna er á öftustu síðu**

**Formaður:** Breki Karlsson
**Varaformaður:** Halla Gunnarsdóttir
**Ritari:** Sigurður Másson
**Gjaldkeri:** Þórey S. Þórisdóttir

**Aðrir í stjórn:**
Ásdís Jóelsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Jóhann Rúnar Sigurðsson
Pálmey H. Gísladóttir
Sigurlína Sigurðardóttir
Snæbjörn Brynjarsson
Þóra Guðmundsdóttir
Þórey Anna Matthíasdóttir

# Rekstrarreikningur 2018

| Rekstrartekjur | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| Tekjur af aðalstarfsemi | | 58.100.888 | 54.158.574 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 12.406.944 | 15.842.454 |
| Tekjur vegna ENA verkefnis | | 10.168.552 | 6.883.918 |
| | | 80.676.384 | 76.884.946 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 39.488.814 | 52.633.837 |
| Útgáfu- og dreifingarkostnaður | | 6.413.375 | 4.660.005 |
| Húsnæðiskostnaður | | 8.775.006 | 7.055.499 |
| Innheimtukostnaður | | 1.404.256 | 1.317.617 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 8.692.720 | 11.340.088 |
| Kostnaður vegna ENA verkefnis | | 10.210.504 | 8.717.621 |
| Afskriftir | | 0 | 178.290 |
| | | 74.984.675 | 85.902.957 |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | | 5.691.709 | (9.018.011) |
| **Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur | | 555.576 | 444.132 |
| Vaxtagjöld | | (52.232) | (293) |
| Gengismunur | | 6.379 | 83.790 |
| | | 509.723 | 527.629 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 6.201.432 | (8.490.382) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | 4 | 154.619 | 1.068.219 |
| Handbært fé | | 14.086.475 | 424.941 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 14.241.094 | 1.493.160 |
| **Eignir samtals** | | 14.241.094 | 1.493.160 |

# 31. desember 2018

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé (ójafnað tap) | 5 | 1.722.554 | (4.478.878) |
| **Eigið fé samtals** | | 1.722.554 | (4.478.878) |
| **Skuldir** | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 6 | 12.518.540 | 5.972.038 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | | 12.518.540 | 5.972.038 |
| **Skuldir samtals** | | 12.518.540 | 5.972.038 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 14.241.094 | 1.493.160 |

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um samtökin

Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök neytenda á Íslandi. Neytendasamtökin eru sjálfstæð og óháð einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, samtökum, stjórnmálaflokkum og opinberum aðilum. Neytendasamtökin skulu ætíð taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda óháð öðrum sjónarmiðum. Lögheimili félagsins er að Hverfisgötu 105, 105 Reykjavík.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur samtakanna hafa metið rekstrarhæfi þeirra og telja að samtökin hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning.

Gengi í árslok:

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| EUR | 132,86 | 124,70 |

### Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

### Tekjur

Tekjur af félagsgjöldum og styrktarauglýsingum er færðar þegar þær eru greiddar.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## 3. Laun og launatengd gjöld

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Laun | 38.730.208 | 49.392.083 |
| Lífeyrissjóður | 4.434.976 | 5.227.065 |
| Önnur launatengd gjöld | 4.354.015 | 4.852.923 |
| Yfirfært á umsjón með verkefnum | (8.030.385) | (6.838.234) |
| Laun og launatengd gjöld alls | 39.488.814 | 52.633.837 |

Að meðaltali störfuðu um 5,6 starfsmenn hjá félaginu á árinu, en 6,9 árið áður.

## 4. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Útistandandi vegna ENA verkefnis | 0 | 1.068.219 |
| Aðrar skammtímakröfur | 154.619 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur samtals | 154.619 | 1.068.219 |

## 5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Eigið fé 1/1 | (4.478.878) |
| Afkoma ársins | 6.201.432 |
| Eigið fé 31/12 | 1.722.554 |

## 6. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 5.083.553 | 4.535.560 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 2.668.839 | 1.436.478 |
| Fyrirframinnheimt vegna ENA verkefnis | 4.766.148 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir samtals | 12.518.540 | 5.972.038 |

## 7. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á ársreikningi ársins 2018.

# Sundurliðanir

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| **Tekjur af aðalstarfsemi** | | |
| Innheimt félagsgjöld ársins | 43.494.888 | 41.400.533 |
| Styrkir og framlög | 14.606.000 | 12.758.041 |
| | 58.100.888 | 54.158.574 |
| **Aðrar rekstrartekjur** | | |
| Seldar styrktarlínur | 10.711.453 | 15.259.142 |
| Seld áskrift | 272.000 | 0 |
| Aðrar tekjur | 1.423.491 | 583.312 |
| | 12.406.944 | 15.842.454 |
| **Tekjur vegna ENA verkefnis** | | |
| Styrkir ríkisins vegna ENA verkefnis | 6.400.000 | 3.441.959 |
| Styrkir frá ESB vegna ENA verkefnis | 3.768.552 | 3.441.959 |
| | 10.168.552 | 6.883.918 |
| **Kostnaður vegna ENA verkefnis** | | |
| ENA verkefni, ferðakostnaður | 879.793 | 719.320 |
| ENA verkefni, laun og launatengd gjöld | 8.030.385 | 6.838.234 |
| ENA verkefni, annar kostnaður | 1.290.094 | 1.160.067 |
| | 10.210.504 | 8.717.621 |
| **Laun og launatengd gjöld** | | |
| Laun | 38.730.208 | 49.392.083 |
| Ökutækjastyrkur | 35.000 | 603.460 |
| Dagpeningar | 288.342 | 436.515 |
| Áunnið orlof, breyting | 316.970 | (765.249) |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 4.434.976 | 5.227.065 |
| Sjúkra-, orlofs-, & endurmenntunarsjóður | 556.853 | 648.748 |
| Tryggingagjald | 2.959.216 | 3.782.749 |
| Annar starfsmannakostnaður | 197.634 | 146.700 |
| Yfirfært á ENA verkefni | (8.030.385) | (6.838.234) |
| | 39.488.814 | 52.633.837 |

# Sundurliðanir

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| *Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:* | | |
| Sími og burðargjöld | 925.162 | 897.818 |
| Pappír, prentun og ritföng | 143.639 | 138.587 |
| Bækur, blöð og tímarit | 0 | 345.327 |
| Auglýsingar og kynningarmál | 353.436 | 48.421 |
| Aðkeypt bókhaldsþjónusta vegna ársins 2017 | 1.289.113 | 0 |
| Bókhalds- og launaþjónusta vegna ársins 2018 | 798.557 | 0 |
| Endurskoðun | 1.539.605 | 1.270.648 |
| Önnur sérfræðiþjónusta | 608.085 | 689.304 |
| Aðkeyptur akstur | 0 | 129.630 |
| Rekstur bifreiða | 124.466 | 933.123 |
| Viðhald áhalda og rekstrarvörur | 65.279 | 112.126 |
| | 5.847.342 | 4.564.984 |
| *Erlent samstarf:* | | |
| Erlent samstarf endurgreitt erlendis frá | (1.512.142) | (1.309.075) |
| Erlent samstarf, ferðakostnaður | 781.787 | 667.491 |
| Erlend félagsaðild | 294.534 | 514.705 |
| | (435.821) | (126.879) |
| *Innra starf og neytendamál:* | | |
| Félags- og aðildargjöld | 173.300 | 60.000 |
| Fundakostnaður | 135.850 | 362.449 |
| Risna og gjafir | 5.104 | 311.623 |
| | 314.254 | 734.072 |
| *Þing Neytendasamtakanna 2018* | | |
| Leiga á sal | 80.000 | 0 |
| Rafrænt þing, streymi á netinu | 365.800 | 0 |
| Rafræn kosning | 397.087 | 0 |
| Lögfræðiaðstoð | 533.741 | 0 |
| Annar kostnaður vegna þings | 110.200 | 0 |
| | 1.486.828 | 0 |
| *Tölvukostnaður:* | | |
| Kostnaður vegna tölvu- og hugbúnaðar | 597.809 | 744.128 |
| Kostnaður vegna heimasíðu | 882.308 | 26.960 |
| Neytandinn | 0 | 5.396.823 |
| | 1.480.117 | 6.167.911 |
| **Annar rekstrarkostnaður samtals** | 8.692.720 | 11.340.088 |

# Sundurliðanir

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| **Útgáfu- og dreifingarkostnaður** | | |
| NBL, prentun, hönnun, setning o.fl. | 3.200.811 | 2.615.168 |
| NBL, dreifingarkostnaður | 3.212.564 | 2.044.837 |
| | 6.413.375 | 4.660.005 |
| **Húsnæðiskostnaður** | | |
| Húsaleiga | 7.494.135 | 6.080.520 |
| Rafmagn og hiti | 124.435 | 139.136 |
| Vátryggingar | 49.954 | 0 |
| Hreinlætiskostnaður | 659.277 | 474.988 |
| Viðhald húsnæðis | 447.205 | 360.855 |
| | 8.775.006 | 7.055.499 |

# Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök neytenda á Íslandi. Neytendasamtökin eru sjálfstæð og óháð einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, samtökum, stjórnmálaflokkum og opinberum aðilum. Neytendasamtökin skulu ætíð taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda óháð öðrum sjónarmiðum. Fjöldi ársverka voru sex.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2018 kr. 6.201.432. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 1.722.554. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn Neytendasamtakanna staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. júlí 2019

Stjórn: 301162-3919

# Undirritunarsíða

Áritun óháðs endurskoðanda
Ingunn Hafdís Hauksdóttir

Undirritun kjörins skoðunarmanns
Guðmundur Hörður Guðmundsson

Undirritun kjörins skoðunarmanns
Þuríður Hjartardóttir

Undirritun formanns
Breki Karlsson

Undirritað af:
Breki Karlsson
0503715819
Dags: 04.07.2019
Tími: 10:33:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6aa71ed8-
e698-4759-af89-
af6de1e077c6

Undirritun varaformanns
Halla Gunnarsdóttir

Undirritað af:
Halla Gunnarsdóttir
0801812999
Dags: 04.07.2019
Tími: 11:17:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6aa71ed8-
e698-4759-af89-
af6de1e077c6

Undirritun ritara stjórnar
Sigurður Másson

Undirritað af:
Sigurður Másson
2804683399
Dags: 04.07.2019
Tími: 09:52:51
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6aa71ed8-
e698-4759-af89-
af6de1e077c6

Undirritun gjaldkera stjórnar
Þórey Svanfríður Þórisdóttir

Undirritað af:
Þórey Svanfríður
Þórisdóttir
2310634129
Dags: 04.07.2019
Tími: 18:35:18
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6aa71ed8-
e698-4759-af89-
af6de1e077c6

Undirritun stjórnarmanns
Ásdís Ósk Jóelsdóttir

Undirritað af:
Ásdís Ósk Jóelsdóttir
2406604159
Dags: 04.07.2019
Tími: 10:45:43
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6aa71ed8-
e698-4759-af89-

Undirritun stjórnarmanns
Guðrún Þórarinsdóttir

Undirritað af:
Guðrún Þórarinsdóttir
1801665489
Dags: 04.07.2019
Tími: 10:43:06
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6aa71ed8-
e698-4759-af89-

Undirritun stjórnarmanns
Jóhann Rúnar Sigurðsson

Undirritað af:
Jóhann Rúnar Sigurðsson
3101642169
Dags: 04.07.2019
Tími: 11:26:22
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6aa71ed8-
e698-4759-af89-

# Undirritunarsíða

Undirritun stjórnarmanns
Pálmey Helga Gísladóttir

Undirritað af:
Pálmey Helga
Gísladóttir
0311544569
Dags: 04.07.2019
Tími: 12:08:14
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6aa71ed8-
e698-4759-af89-
af6de1e077c6

Undirritun stjórnarmanns
Sigurlína G Sigurðardóttir

Undirritun stjórnarmanns
Snæbjörn Brynjarsson

Undirritun stjórnarmanns
Þóra Guðmundsdóttir

Undirritað af:
Þóra Guðmundsdóttir
2307593249
Dags: 04.07.2019
Tími: 10:38:17
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6aa71ed8-
e698-4759-af89-
af6de1e077c6

Undirritun stjórnarmanns
Þórey Anna Matthíasdóttir